

Ed.

319. Frumvarp til laga

[138. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. febr.)

1. gr.

Á árinu 1968 er ríkisstjórninni heimilt að greiða fiskseljendum verðbót á línu-
fisk, er komi til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samning-
um um hlutaskipti. Verðbót þessi skal nema 30 aurum á hvert kíló fisks á tíma-
bilinu 16. maí til 30. september, en 60 aurum á tímabilunum 1. janúar til 15. maí
og 1. október til 31. desember.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða allt að 152 m.kr. til að tryggja rekstur hrað-
frystihúsa á árinu 1968, þar af allt að 4 m.kr. til frýstingar á rækju. Fé þetta skal
skiptast á milli frystihúsanna í hlutfalli við framleiðslu þeirra á árinu 1968 af
frystum fiskafurðum, öðrum en síldarafurðum. Seðlabanki Íslands skal sjá um út-
hlutunina í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum,
sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða á árinu 1968 25 m.kr. til hraðfrystihúsa
í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins. Seðlabanki Íslands úthlut-
ar fé þessu til tiltekinna hraðfrystihúsa í samráði við Landsbanka Íslands og Út-
vegsbanka Íslands og fulltrúa hraðfrystiiðnaðarins, að fengnu samþykki sjávar-
útvegsmálaráðherra.